

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum nema 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. maí 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

23. maí 1975.

Nr. 240.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

Einstök skipti, fullorðnir	kr.	60.00
— — börn	—	25.00
10 miða kort fullorðnir	—	400.00
— — — börn	—	150.00
Gufubað	—	120.00
Leiga á sundfötum	—	40.00
Sundnámskeið fullorðnir, 20 st.	—	1 500.00
— börn 20 st.	—	1 000.00

Íþróttafélög:

16 ára og eldri, 10 miðar	—	200.00
Yngri en 16 ára, 10 miðar	—	120.00

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með sankvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er úr gildi felld gjaldskrá nr. 285 18. september 1974.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

21. maí 1975.

Nr. 241.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jónasar Halldórssonar og Ara Hermannssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. maí 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jónasar Halldórssonar og Ara Hermannssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður hinn 15. sept. 1974 til minningar um Jónas Halldórsson bónda, Leysingjastöðum, og Ara Hermannsson bankagjaldkera, Blönduósi, en þeir létust af slysförum hinn 25. ágúst 1973.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 og er það lagt fram af foreldrum Jónasar, þeim Halldóri Jónssyni bónda og konu hans, frú Oktavíu Jónasdóttur, búendum á Leysingjastöðum.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands, útbúinu á Blönduósi, eða á annan tryggilegan hátt að mati sjóðsstjórnarinnar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjálparsevit skáta, Blönduósi og Slysavarnardeildina Blöndu á Blönduósi til kaupa á tækjum og búnaði til sameiginlegra nota við æfinga-, björgunar- og leitarstörf eða öðru því, sem stjórn sjóðsins telur mesta nauðsyn á, á hverjum tíma.

Óheimilt er að nota fé sjóðsins til reksturs þessara sveita, en heimilt er sjóðsstjórninni að veita þeim félögum sveitanna, sem sérstaklega mikinn áhuga og mikið starf leggja fram, lán úr sjóðnum með venjulegum bankakjörum til kaupa á þeim áhöldum og búnaði, sem þarf í „einstaklingsútbúnað“, enda leggi lánþeginn fram fullnægjandi tryggingu að mati sjóðsstjórnarinnar og greiði lánið upp eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar hverju sinni. A. m. k. skulu líða 5 ár frá því að félagi fær lán þar til hann getur öðlast umsóknarrétt öðru sinni.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum og öðrum gjöfum.

Sérstök þar til gerð bók skal liggja frammi hjá formönnum sveitanna og skal færa í þær stutt æviágrip þeirra, sem minningargjafir eru gefnar um. Skulu gefendur annast ritun þeirra.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita fé úr sjóðnum eftir því sem henni þykir henta, þó þannig að óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins að viðbættum 1/10 hluta vaxta hvers árs.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipa til eins árs í senn, en hana skulu skipa: Halldór Jónsson, eða maður tilnefndur af honum og/eða konu hans, frú Oktavíu Jónasdóttur. Maður tilnefndur af Hjálparsevit skáta Blönduósi. Maður tilnefndur af Slysavarnardeildinni Blöndu á Blönduósi. Skulu menn þessir skipta með sér verkum. Er þeirra hjóna Halldórs og frú Oktavíu nýtur ekki lengur við eða þau óska eftir að hætta að hafa beina aðild að umsjón sjóðsins skal í þess stað maður tilnefndur af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu taka sæti í stjórn sjóðsins. Endurskoðendur reikninga sýslusjóðs Austur-Húnavatnssýslu skulu endurskoða reikninga sjóðsins árlega.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga sjóðsins, reikningshald og fjárreiður allar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.